

Anita nýr safnstjóri Síldarminjasafns Íslands

Fyrsta apríl lætur Örlygur Kristfinnsson af starfi sem safnstjóri Síldarminjasafns Íslands, en því hefur hann gegnt í 20 ár. Á fundi stjórnar safnsins í síðustu viku var samþykkt að Anita Elefsen tæki við af honum. Síðustu fimm ár hefur hún gegnt hlutverki rekstrarstjóra safnsins.

Þess má geta að Örlygur ætlar ekki að yfirgefa safnið fyrir fullt og allt heldur er líklegt að hann verði þar í litlu hlutastarfi við eitt og annað.

Þetta gefur að lesa á [heimasíðu safnsins](#).

Siglfirðingur.is óskar Anitu innilega til hamingju með nýja starfið.

Mynd: Sigurður Ægisson | sae@sae.is.

Texti: Síldarminjasafn Íslands | sild@sild.is / Sigurður Ægisson | sae@sae.is.